

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30.5.2022  
Tilvísun: 20220542023

## Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til starfskjaralaga, þskj. 831 – 589. mál

Ríkisskattstjóra hefur þann 19. maí móttengið tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þar sem gefinn kostur á því að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur embættið tilefni til eftirfarandi athugasemda við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Með 5. mgr. 10. gr. frumvarpsins *Upplýsingar í þágu eftirlits Vinnumálastofnunar* er gert ráð fyrir því að lögfesta heimildir Vinnumálastofnunar til þess að afla þeirra upplýsinga, m.a. frá stjórnvöldum, sem nauðsynlegar eru að mati stofnunarinnar til að hún geti með fullnægjandi hætti rannsakað hvort lakari laun hafi verið greidd en almennir kjarasamningar kveða á um, sbr. og 5. gr. frumvarpsins. Sömuleiðis er lögð sú frumkvæðisskylda á m.a. stjórnvöld að þau afhendi Vinnumálastofnun án ástæðulausrar tafar upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn hinni fyrirhuguðu löggjöf.

Ríkisskattstjóri bendir á að mikilvægt sé að glögglega komi fram í lagatextanum sjálfum að ákvæði um sérstaka þagnarskyldu stjórnvalda standi upplýsingagjöf til Vinnumálastofnunar skv. 10. gr. ekki í vegi. Í því samhengi er vert að nefna að ákvæði 117. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, bera einmitt með sér slíka sérstaka þagnarskyldu sem mikilvægt er að enginn vafi leiki á um að víkja megi til hliðar svo að unnt verði að miðla upplýsingum er varða tekjur aðila, þegar það á við, frá Skattinum til Vinnumálastofnunar á grundvelli eftirlits hinna síðarnefndu samkvæmt fyrirhuguðum starfskjaralögum. Slíkt orðalag þyrfti að koma til viðbótar þeim áskilnaði sem þegar kemur fram í frumvarpinu, um að Vinnumálastofnun sé heimilt að að óska eftir upplýsingum og að hlutaðeigandi aðilum sé skylt að afhenda umbeðnar upplýsingar, búi þeir yfir þeim. Þá bendir ríkisskattstjóri á að afar ákjósanlegt sé að þau stjórnvöld sem helst komi þar til álita, s.s. Skatturinn, væru nefnd í dæmaskyni í ákvæðinu án þess að þar sé um tæmandi talningu að ræða.

Þá er í 6. mgr. frumvarpsins vísað til þess að þrátt fyrir ofangreinda 5. mgr. sé starfsmönnum samstarfsvettvangs skv. 1. mgr. – þ.e. lögreglustjórum, Skattinum, Vinnueftirliti ríkisins og Vinnumálastofnun – heimilt að miðla þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru hverju sinni til samtaka aðila vinnumarkaðarins á grundvelli formlegs samráðs og samstarfs, sbr. 1. málsl. 6. mgr. Ríkisskattstjóri áréttar að slík upplýsingagjöf til samtaka aðila vinnumarkaðarins getur ekki falið í sér upplýsingar sem bundnar eru sérstakri þagnarskyldu skattyfirvalda, sbr. t.a.m. 117. gr. laga nr. 90/2003, eða þeirra annarra opinberra aðila sem háðir eru þagnarskyldu í störfum sínum.

Virðingarfyllst,  
f.h. ríkisskattstjóra

*Helga Valborg Steinarsd.*

Helga Valborg Steinarsdóttir

*Ingvar J. Rögnvaldsson*

Ingvar J. Rögnvaldsson